# Stjórnarfundur no 4, 2014/2015

Ár 2014 mánudaginn 25. ágúst komu undirritaðir stjórnarmenn saman til fundar í fundarherbergi félaganna á 3ju hæð Skipagötu 14. Fundurinn hófst kl. 12.00.

Tilefni fundarins er fundaherferð forseta ASÍ, Gylfa Arnbjörnssonar sem fundar með stjórnum stéttarfélaga á Akureyri í dag.

Þetta gerðist:

1. Formaður setti fundinn og bauð Gylfa velkominn.
Hann fór yfir stöðuna eftir síðustu samningagerð og væntanlega kjarasamningagerð.
Miklar umræður urðu um komandi kjarasamninga og hvernig ætti að standa að þeim til að tryggja árangur.
Gylfa var þakkað fyrir góðan og fróðlegan fund.

2. Bréf til Lífeyrissjóðs verslunarmanna
Samþykkt að senda bréf til Lífeyrissjóðs verslunarmanna og bjóða þeim aðstöðu fyrir þjónustuskrifstofu hér á 3ju hæðinni. Sjómannafélag Eyjafjarðar og Félag málmiðnaðarmanna senda sínum lífeyrissjóðum sambærilegt erindi.

Fleira ekki fundi slitið

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir ritaði fundargerð, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir, Sigríður Stefanía Stefánsdóttir, Jón G Rögnvaldsson, Anna Kr. Árnadóttir